

Rauði Kross Reykjavíkurdeild - Frú Ragnheiður

***Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða - Frú Ragnheiður við Barónsborg***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 26. nóvember 2019 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn til verkefnisins Frú Ragnheiðar sbr. 16. lið fundargerðar:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða hefur fengið erindi frá íbúa sem á barn á Barónsborg. Íbúinn er afar hlynntur starfsemi frú Ragnheiðar og það er íbúaráðið líka, Frú Ragnheiður er þarft verkefni í skaðaminnkun. Íbúaráðið óskar eftir því að rýnt verði hvort að bíllinn geti stoppað á stað í meiri fjarlægð frá leikskólanum og grunnskólanum til þess að minnka líkur á að neysla fari fram á leikskólalóðinni og neyslubúnaður skilinn þar eftir sem er afar hvítleitt og hættulegt fyrir börn á leikskólanum og börn sem leika þar utan opnunartíma.

Svar óskast sem fyrst.

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

**Svar Frú Ragnheiðar dags. 3.12.2019.**

Til þess er málið varðar,

Verkefnastýra Frú Ragnheiðar móttók erindi íbúðaráðs Miðborgar og Hlíða 3. desember 2019. Frú Ragnheiður, sem er hluti af Rauða krossinum í Reykjavík, þakkar kærlega fyrir fyrirspurnina og hlýhug íbúðaráðsins til verkefnisins. Undirrituð skilur áhyggjur íbúa um búnað sem að finnst á skólalóðum og er það er einmitt eitt af markmiðum Frú Ragnheiðar undir formerkjum skaðaminnkunar að minnka magn búnaðs sem finnst úti en árið 2018 tók Frú Ragnheiður á móti rúmlega 2.800 lítrum af búnaði sem var fargað á öruggan máta í samstarfi við Landspítalann og Heilbrigðisráðuneytið.

Bíllinn þjónustar alla þá sem hringja og óska eftir aðstoð, sama hvort það sé til þess að fá nálaskiptaþjónustu, heilbrigðisaðstoð eða einfaldlega sálrænan stuðning og næringu. Í Frú Ragnheiði er meðal annars starfrækt heilbrigðisþjónusta þar sem einstaklingar geta komið og fengið aðhlyningu sára, sýklalyfjameðferð, umbúðaskipti, saumatöku og almenna heilsufarsskoðun og ráðgjöf. Á hverri vakt starfar hjúkrunarfræðingur og læknir sem sinnir bakvakt.

Bílstjórar Frú Ragnheiðar eru meðvitaðir um það að velja sem hentugastan stað í hvert sinn sem bíllinn hittir skjólstæðinga og eru þarfir allra hafðar í huga, þar með talið nágranna. Í sumum tilfellum eru skjólstæðingar okkar að sækjast eftir heilbrigðisaðstoð og eiga þá stundum erfitt með gang og er mikilvægt að reyna að stoppa bifreiðina sem næst skjólstæðingnum svo hann geti hitt á heilbrigðisstarfsmenn okkar. Miðsvæðis í Reykjavík, eins og íbúðaráð kannast eflaust við, getur verið erfitt fyrir bílinn að finna stað til að stoppa fyrir vitjun og hefur í sumum tilfellum það hentað skjólstæðingum okkar best, vegna heilsufars, að koma í bílinn á horninu á Njálsgötu. Í önnur skipti sem það er ekki tilfellið hefur bíllinn beðið á öðrum stað og beðið skjólstæðinga um að koma þangað. Er það gert meðal annars til þess að taka tillit til nágranna en jafnframt til þess að tryggja næði fyrir skjólstæðinga okkar.

Við erum því mjög meðvituð um þessa stöðu og gerum okkar besta til að koma til móts við þarfir sem flestra án þess að það bitni á þjónustunni sem við veitum skjólstæðingum okkar.

Séu einhverjar fleiri spurningar þá er undirrituð viljug að svara fyrirspurnum íbúa.

*Bestu kveðjur,*

*Elísabet Brynjarsdóttir*

*Hjúkrunarfræðingur Frú Ragnheiðar – skaðaminnkun*

*Rauði Krossinn í Reykjavík*